

## SvAust

Stjórnarfundur haldinn í skrifstofu Fjarðabyggðar miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 10:00.

Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Björn Ingimarsson og Jóney Jónsdóttir. Jódís Skúladóttir verkefnastjóri og Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar sátu fundinn einnig.

1. Samningur Austurbrúar og SvAust.  
Undirritaður var þjónustu- og samstarfssamningur SvAust við Austurbrú ásamt viðauka.
2. Ársreikningur SvAust.  
Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar fór yfir ársreikning SvAust 2018. Reksturinn stendur á 0 kr. Sækja þarf um að félagið sé undanþegið tekjuskatti. Stjórn samþykkti að fá KPMG til að kanna samþykktirnar varðandi það og ganga frá því að sótt sé um undanþáguna, enda er félagið ekki rekið með hagnað í huga. Stjórn samþykkti reikninginn fyrir sitt leyti. Ársreikningurinn er fylgiskjal fundargerðarinnar.
3. Sumaráætlun  
Verkefnastjóri fór yfir sumaráætlun SvAust. Rætt var um tengingar á milli byggða Austurlands og þörf á akstri. Verkefnastjóri mun setja upp drög að akstri sumarins með verðskrá.
4. Önnur mál
  - a. Rætt um samninga við Vegagerðina sem renna út um áramót. Stjórn er farið að lengja eftir drögum að langtímasamningi sem Vegagerðin ætlar að leggja fram og væntir þess að fá þau í hendur fyrir maílok. Stjórn leggur áherslu á að gengið verði frá samningum til a.m.k. 5 ára sem fyrst þar sem skammtímasamningar skapi fleiri vandkvæði en þeir leysa.
  - b. Verkefnastjóra var falið að kanna hvaða sérfræðingar gætu sett upp tillögu að besta og hentugasta leiðakerfinu með allar tegundir aksturs og leiðir í huga.
  - c. Næsti fundur verður haldinn 29. maí kl. 10 á Egilsstöðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

Einar Már Sigurðarson

---

Björn Ingimarsson

---

Jóney Jónsdóttir

---

SvAust - Almennings­samgöngur á Austurlandi ehf.  
Ársreikningur 2018

SvAUST - Almennings­samgöngur á Austurlandi ehf.  
Tjarnarbraut 39e  
700 Egilsstaðir

Kt. 521016-0780

Óendurskoðaður ársreikningur

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Félagið var stofnað á árinu og er tilgangur þess að reka heildstætt samgöngukerfi fyrir Austurland, eignarhald, leiga og rekstur fasteigna og skyldur rekstur.

Rekstrarniðurstaða SvAust - Almenningsamgangna á Austurlandi ehf. á árinu var 0 samkvæmt rekstrarreikningi en eigið fé nam í árslok 293 þús. kr. skv. efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins nam 500 þús. kr. í árslok 2018 og er allt í eigu Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrarársins 2018 en vísað er til ársreikningsins um aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Austurlandi, 29. apríl 2019.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Stjórn og hluthafar í SvAUST - Almenningsgangna á Austurlandi ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings SvAUST - Almenningsgangna á Austurlandi ehf. fyrir árið 2018 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Egilsstöðum, 29. apríl 2019.

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlög .....		34.934.611	0
Aðrar tekjur .....		36.691.419	0
		<u>71.626.030</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Aðkeyptur akstur .....		60.566.741	0
Annar rekstrarkostnaður .....		11.056.404	76.800
		<u>71.623.145</u>	<u>76.800</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða .....		2.885	( 76.800 )
Vaxtatekjur .....		1.994	579
Vaxtagjöld .....		( 4.879 )	0
		<u>( 2.885 )</u>	<u>579</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	<b>3</b>	<u>0</u>	<u>( 76.221 )</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur.....		7.381.008	0
Aðrar skammtímakröfur.....		68.441	186.116
Handbært fé.....	2	8.222.457	106.863
Veltufjármunir		<u>15.671.906</u>	<u>292.979</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>15.671.906</u>	<u>292.979</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé.....		500.000	500.000
Ójafnað eigið fé.....		( 207.021)	( 207.021)
Eigið fé	3	<u>292.979</u>	<u>292.979</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		6.846.152	0
Fyrirframinnheimtar tekjur.....		8.532.775	0
Skammtímaskuldir		<u>15.378.927</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>15.671.906</u>	<u>292.979</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....		0 (	76.221 )
Veltufé til rekstrar	3	0 (	76.221 )
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun .....	(	7.263.333 ) (	186.116 )
Skammtímaskuldir, hækkun .....		15.378.927	0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		8.115.594 (	186.116 )
Handbært fé fá til rekstrar		8.115.594 (	262.337 )
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		8.115.594 (	262.337 )
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		106.863	369.200
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		8.222.457	106.863



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

### 2. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

### 3. Yfirlit um eigið fé:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2018.....	500.000	( 207.021 )	292.979
Afkoma ársins.....		0	0
Eigið fé 31.12.2018.....	500.000	( 207.021 )	292.979

### 4. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2018 þar sem skattalegt tap var á árinu 2017. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem nýtanlegt er í 10 ár, greinist þannig:

Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026 .....	112.900
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027 .....	59.421
	<u>172.321</u>

## Sundurliðanir

---

	2018	2017
<b>Annar rekstrarkostnaður:</b>		
Aðkeypt þjónusta.....	5.563.720	0
Kostnaður vegna rekstur Curron.....	3.523.212	0
Auglýsingar.....	1.436.962	0
Reikningsskil og skattar.....	283.342	60.000
Ferðakostnaður.....	96.117	0
Pappír, prentun og ritföng.....	65.095	0
Posaleiga.....	47.994	0
Þjónustugjöld og fit kostnaður.....	22.862	0
Útvarpsgjald.....	17.100	16.800
	<hr/>	<hr/>
	11.056.404	76.800